




Samband íslenskra sveitarfélaga

**ÁRSSKÝRSLA**

**2016**





Samband íslenskra sveitarfélaga

**ÁRSSKÝRSLA**

**2016**

Ársskýrsla 2016

© Samband íslenskra sveitarfélaga 2017/3

Borgartúni 30

Pósthólf 8100

128 Reykjavík

Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir


Ljósmyndir: Ingibjörg Hinriksdóttir, Magnús Karel Hannesson og Valur Rafn Halldórsson

Forsíðumynd: Fjölskylda í Þorlákshöfn í göngutúr eftir metúrkomu í upphafi árs 2017

Ljósmyndari: Valur Rafn Halldórsson

Prentun: Umslag

## Ávarp formanns



Sveitarstjórnarfolk, starfsmenn sveitarfélaga og aðrir lesendur ársskýrslu starfsársins 2016.

Þessi skýrsla er eins og fyrri ársskýrslur stútfull af upplýsingum um verkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem okkar frábæra starfsfolk leikur lykilhlutverk í því að koma ákvörðunum stjórnar og stefnumótun landsþinga í verk.

Eins og skýrslan ber með sér hefur miklu verið komið í verk á árinu 2016 þó við séum alltaf tilbúin til að skrifa upp á það að betur mætti ganga. Við erum að takast á við miklar áskoranir í ytra umhverfi, samskiptum við ríkisvaldið og breyttu laga- og reglugerðarumhverfi.

Það er ekkert að breytast. Verkefnum fækkar ekki, heldur fjölgar og laga- og reglugerðarumhverfið verður flóknara og stjórnsýslan öll um leið. Þess vegna er svo mikilvægt að hafa upplýsingagjöf Sambands íslenskra sveitarfélaga sem mesta og besta því stjórn og starfsfolk er að vinna fyrir 74 sveitarfélög sem hafa ekki sameiginlega sýn og stefnu í öllum málum. Styrkurinn er hins vegar sá að stefnumótunarvinna landsþinga er öflugt tæki sem sameinar sveitarstjórnarfolk af öllu landinu í fjölmörgum málum sem verða að lokum stefna Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þessi ársskýrsla er liður í því að gera sveitarstjórnarfolki kleift að fylgjast með því hvernig gengur að vinna að þessum þörfu og mikilvægu verkefnum.

*Halldór Halldórsson formaður*



## Inngangur



Í ársskýrslu sambandsins er gerð grein fyrir helstu þáttum í starfsemi á árinu 2016. Fræðslumálin, félagsþjónustan, hagsmunagæslan, m.a. vegna setningar laga- og reglugerða um starfsemi sveitarfélaga, umhverfismálin, kjaramálin, erlend samskipti og upplýsingamiðlunin, bæði á sviði fjármála og annarra viðfangefna sveitarfélaga, mynda þessa grunnþætti. Skipurit sambandsins endurspeglar þessar áherslur og

verkaskiptingu. Samvinna starfsmanna þvert á svið er þó einkennandi fyrir starfsmannahópinn enda eru það stóru markmiðin í stefnumörkun sambandsins og skilgreindu hlutverki þess sem eru leiðarljósið.

Þessi samheldni starfsmanna og markmiðsstýrðu vinnubrögð eru einnig ráðandi í ánægjulegum samskiptum þeirra við stjórn sambandsins, sveitarstjórnarmenn og aðra er láta sig sveitarstjórnarmál varða. Hin skýra stefnumörkun skapar aðstæður fyrir skilvirkni og viðbragðsflýti í starfsemi. Allir starfsmenn vita hvert stefna skuli hverju sinni þegar hin ýmsu mál koma upp og engin ástæða er til að hika við leitina að lausnum og bregðast við þeim viðfangsefnum sem upp koma.

Áherslupættir í starfi sambandsins eru birtir í starfsáætlunum sem liggja fyrir við upphaf hvers árs. Þar er fjallað um einstök verkefni og hvernig unnið verður að framgangi þeirra á árinu. Við lok hvers árs er sett fram árangursmat sem stjórn

sambandsins fjallar um samtímis því að áherslur næsta árs eru ákvarðaðar. Þannig liggja þessi verkefni fyrir á aðgengilegan hátt á heimasíðu sambandsins öllum til upplýsingar.

Það er ásetningur og metnaður sambandsins að starfsmennirnir sýni framsækni og tileinki sér lausnarmiðaða hugsun í samskiptum við alla þá sem þeir þjóna og vinna með. Slíkt á að koma fram í vinnslu og lausnum þeirra fjölda viðfangsefna sem tekin eru til þróunar og umsýslu á ári hverju. Í ársskýrslunni er leitast við að draga upp mynd af þessum viðfangsefnum, en hún endurspeglar þó ekki nema hluta af heildarverkefnafjöldanum, þar sem stilla verður lengd skýrslunnar í hóf.

Mikilvægast er sveitarstjórnarmenn upplifi í reynd að sambandið vinni vel í þágu þeirra og sveitarstjórnarstígsins auk þess sem ríkisvaldið og aðrir sem samskipti hafa við sambandið geti treyst því að hlutlægni og fagmennska ráði ferðinni.

Að venju hefur sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs haft umsjón með gerð ársskýrslunnar og kann ég honum bestu þakkir fyrir vel unnið starf. Fyrir hönd starfsmanna sambandsins þakka ég öllum stjórnendum og starfsmönnum sveitarfélaga fyrir ánægjuleg samskipti á árinu 2016 og vona að ársskýrsla þessi birti upplýsingar og áhugavert efni um starfsemina sem lesendur hennar kunna að meta.

*Karl Björnsson framkvæmdastjóri*

## Helstu verkefni ársins 2016

### LANDSPING

XXX. landsþing sambandsins var haldið í Reykjavík í apríl. Yfirskrift landsþingsins að þessu sinni var *Umbætur og breytingar – tækifæri eða ógnanir?* Meginumræðuefni landsþingsins voru fjármál sveitarfélaga og húsnæðismál.

Formaður sambandsins, Halldór Halldórsson, rakti í setningarræðu sinni helstu verkefni sem sveitarstjórnarstigið stóð frammi fyrir á þeim tíma sem landsþingið var haldið. Hann ræddi m.a. um ný lög um opinber fjármál og sagði:

*Nú mun reyna á alþingismenn, hvort þeir verði tilbúnir að hverfa frá vinnubrögðum sem byggjast á ítarlega sundurliðuðum smáffjárveitingum og taka í staðinn upp stefnumótandi fjárlagagerð að hætti nútímalegra stjórnunaraðferða.*

*Það mikilvægasta í þessu fyrir sveitarfélögin er að lögin boða skipulagðari og formfastari samskipti en áður í samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Markmiðið er að stuðla að góðri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn á fjármálum hins opinbera þar sem fjallað skal á formlegan hátt um hvernig fjármagna megi opinbera þjónustu í sátt milli ríkis og sveitarfélaga.*

*Sambandið hefur lengi reynt að stuðla að vinnubrögðum sem þessum. Það er því mikið fagnaðarefni að lögin hafi tekið gildi.*

Auk framkvæmdastjóra sambandsins, Karls Björnssonar, sem fór yfir samkomulag ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál, fluttu erindi á landsþinginu þau Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar, sem ræddi um þróun útgjalda sveitarfélaga á undanförunum árum og þann þrýsting sem sveitarfélögin standa ávallt frammi fyrir við ákvarðanir um takmörkun útgjalda; Dr. Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, en hann flutti erindi

um menntun, tækni og samfélag framtíðar og kom inn á mikilvægan þátt sveitarfélaganna í framþróun íslensks samfélags; og Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, sem fór yfir stefnu ríkisstjórnarinnar um leiguíbúðir og eignaríbúðir og þátt sveitarfélaganna í aðgerðum til að auka öryggi landsmanna í húsnæðismálum.

Síðasti ræðumaður á landsþinginu var svo Héðinn Unnsteinsson rithöfundur, sem flutti áhugaverða hugvekju um mannskepnuna og heilbrigðisreglur frá þar síðustu öld og gildi þeirra í dag.

Rétt kjörnir fulltrúar með atkvæðisrétti á þinginu voru 113 frá 58 sveitarfélögum. Þá sátu þingið 4 stjórnarmenn í sambandinu með málfrelsi og tillögurétti og aðrir fulltrúar með málfrelsi og tillögurétti voru samtals 45. Alls voru því mættir til landsþingsins 162 fulltrúar. Að auki sátu þingið 8 gestir og 26 starfsmenn sambandsins og Lánasjóðs sveitarfélaga. Enginn fulltrúi var frá 16 sveitarfélögum.

Seturétt á landsþinginu eiga 151 fulltrúi með atkvæðisrétti frá 74 sveitarfélögum.

### STJÓRN SAMBANDSINS

Stjórn sambandsins kom saman til 11 funda á árinu 2016, auk eins fundar með formönnum og framkvæmdastjórum landshlutasamtaka sveitarfélaga, sem haldinn er árlega í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga.

Tæplega 300 dagskrárlíðir voru til umfjöllunar á fundum stjórnarinnar árið 2016, margir hverjir til umfjöllunar á fleirum en einum fundi.

Stjórnin hélt árlegan fund sinn á landsbyggðinni í byrjun september í Búðardal. Í tengslum við þann fund hitti stjórnin fulltrúa sveitarstjórnanna í Borgarbyggð, Dalabyggð og Hvalfjarðarsveit.



Frá XXX. landsþingi 2016



Á landsþingi sambandsins í apríl var Skúli Helgason, borgarfulltrúi í Reykjavík, kjörinn sem aðalmaður í stjórnina í stað Bjarkar Vilhelmsdóttur, sem hafði hætt í borgarstjórn Reykjavíkur á árinu 2015 og þar með misst kjörgengi sitt til setu í stjórn sambandsins. Sem varamaður Skúla var kjörin Heiða Björg Hilmisdóttir borgarfulltrúi. Þau gerðu síðan samkomulag um að Heiða Björg sæti fundi stjórnarinnar að jafnaði, en Skúli í forföllum hennar.

## HEIÐURSMERKI SAMBANDSINS

Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga var Elín Pálsdóttir, forstöðumaður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sæmd heiðursmerki Sambands íslenskra sveitarfélaga, en stjórn sambandsins hafði samþykkt að veita henni þessa viðurkenningu fyrir langt og farsælt samstarf við stjórn og starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga og ekki síður við sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga um allt land. Elín var ráðin til jöfnunarsjóðsins árið 1990 og lét af störfum í árslok 2016, eftir 27 ára starf.

Elín er fyrsta konan sem hlýtur þessa viðurkenningu. Fjórir fyrrverandi formenn Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa áður fengið heiðursmerki þess: Jón G. Tómasson, Björn Friðfinnsson, Sigurgeir Sigurðsson og Vilhjálmur Vilhjálms-son. Tveir fyrrum starfsmenn sambandsins hafa einnig verið heiðraðir á þennan hátt: Unnar Stefánsson og Þórður Skúlason. Þá var Húnboga Þorsteinssyni, fyrrverandi ráðuneytisstjóra og formanni ráðgjafarnefndar um jöfnunarsjóðinn, veitt heiðursmerkið fyrir störf að sveitastjórnarmálum, bæði sem sveitarstjóri og skrifstofustjóri og ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, sagði m.a. í ávarpi sínu til Elínar:

*Nú 27 árum síðar er þessi frábæra kona, Elín Pálsdóttir, sem við þekkjum öll af góðu einu saman, að ljúka starfsævinni og segja skilið við jöfnunarsjóðinn og sveitarfélögin í landinu. Það eru ekki lítil tímamót.*

*Spurning hvernig sveitarstjórnarstiginu reiðir af í framtíðinni þegar Elínar nýtur ekki lengur við á skrifstofu jöfnunarsjóðsins. En við skulum ekki örvænta – það koma aðrir menn í staðinn – já, margir menn.*

*Elín hefur á þessum 27 árum haft hagsmuni sveitarfélaganna að leiðarljósi, en um leið gætt að hag jöfnunarsjóðsins, sem hefur staðið vel á starfstíma hennar hjá sjóðnum. Elín er búin ríkri réttlætiskennd og mikilli staðfestu – eiginleikum sem hafa gagnast vel í öllum samskiptum hennar við sveitarstjórnarmenn og ekki síður við þá ráðherra sem hafa farið með málefni jöfnunarsjóðsins á hverjum tíma frá árinu 1990.*

## STYRKIR TIL MEISTARANEMA

Í tilefni af 70 ára afmæli sambandsins árið 2015 var samþykkt að veita allt að þremur meistaranemum styrki vegna meistaratgerða þeirra sem fjalla um málefni sveitarfélaga og hafa skírskotun til markmiða og aðgerða í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2014–2018.

Á árinu 2016 voru þessir styrkir veittir í fyrsta skipti, en einungis bárust fjórar umsóknir til sambandsins. Meistarane-  
nemar í öllum háskólum landsins fengu upplýsingar um styrkina sendar í tölvupósti.

Framkvæmdastjóri sambandsins, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs og sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs röðuðu umsóknum í forgangs röð líkt og verklagsreglur vegna úthlutunarinnar kveða á um og var sú forgangsröðun lögð fyrir stjórn sambandsins til samþykktar.

Þeir nemar sem hlutu styrki á árinu voru:

- Soffía Guðrún Guðmundsdóttir með ritgerðina *Grá svæði í þjónustu við börn*.
- Magnea S. Ingimundardóttir með ritgerðina *Þjónandi forysta og sjálfræði í starfi starfsmanna í stjórnsýslu sveitarfélaga*.



Elín Pálsdóttir sæmd heiðursmerki sambandsins



- Sunna Jónína Sigurðardóttir með ritgerð um *vefsíður sveitarfélaga* en hún fékk frest á að skila ritgerðinni fram til júní 2017.

## SAMSKIPTI RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA

Þann 1. janúar 2016 tóku gildi ný lög um opinber fjármál. Í 11. gr. laganna er kveðið á um, að tryggt skuli formlegt og reglubundið samstarf við sveitarfélög af fjármála- og efnahagsráðherra, í samráði við ráðherra sveitarstjórnarmála, um mótun fjármálastefnu og fjármálaáætlunar.

Í mars var undirritað samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga á grundvelli nýju laganna og gildi það til eins árs. Ríki og sveitarfélög urðu sammála um eftirfarandi afkomumarkmið sem byggðu á grunngildum um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi:

1. Heildarafkoma hins opinbera (A-hluta) verði jákvæð árin 2017–2021.
2. Heildarafkoma A-hluta sveitarfélaga verði í jafnvægi og stuðli þannig að efnahagslegum stöðugleika. Heildarafkoma B-hluta sveitarfélaga verði jákvæð.
3. Rekstur sveitarfélaga verði sjálfbær í þeim skilningi að skuldir þeirra sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hækki ekki og stefnt verði að því að þær fari heldur lækkandi.
4. Rekstri sveitarfélaga verði haldið innan varúðarmarka í þeim skilningi að tekjuáætlun sé varfærin, útgjaldaáætlun sé raunsæ og að sveitarfélög gangist ekki undir skuldbindingar sem raski forsendum í rekstri og afkomu til lengri tíma.

Kveðið var á um að á gildistíma samkomulagsins fjalli fulltrúar ríkis og sveitarfélaga sameiginlega um ýmis viðfangsefni. Þar má nefna skoðun á tekjustofnum sveitarfélaga, uppruna tekna og dreifingu þeirra og greiningu útgjaldaþróunar einstakra þjónustupátta hjá sveitarfélögum.

Þá var ákvæði um að þjónusta við aldrað fólk yrði skoðuð með sérstöku tilliti til reksturs hjúkrunarheimila, m.a. með umfjöllun um hækkun framlaga til rekstursins, aukna áherslu á lífeyrisskuldbindingar o.fl.

Áfram yrði unnið að mótun framtíðarfyrirkomulags sjálfbærs lífeyriskerfis fyrir opinbera starfsmenn, eflingu samráðs og samvinnu ríkis og sveitarfélaga á sviði kjaramála, auk fleiri verkefna.

Gert var ráð fyrir að samkomulagið yrði endurnýjað árlega og að næsta endurnýjun yrði í mars 2017. Fram að þeim tíma yrðu efni og framkvæmd samkomulagsins þróuð.

Sambandið hefur lagt þunga áherslu á skilvirkt starf samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga, Jónsmessunefndar. Framkvæmdastjóri annaðist framkvæmdastjórn fyrir Jónsmessunefnd á árinu 2016, með aðstoð sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, sem annast fundarritun á fundum nefndarinnar. Haldnir voru tíu fundir á árinu. Á árinu þar á undan, þegar framkvæmdastjórn fyrir nefndina var á vegum innanríkisráðuneytisins, voru haldnir tveir fundir. Að tillögu framkvæmdastjóra hefur verið samþykkt að sambandið annist áfram framkvæmdastjórn fyrir nefndina á árinu 2017 svo vænta má að hún verði áfram virk á því ári.

Unnið var að því að móta skýrt skráningarform fyrir allt kostnaðarmat lagafrumvarpa og reglugerðarbreytinga á fjárhag sveitarfélaga, eða nokkurs konar viðskiptareikning ríkis og sveitarfélaga. Hugmyndinni um svokallaðan viðskiptareikning ríkis og sveitarfélaga hefur verið haldið á lofti gagnvart ríkinu.

## SAMRÁÐSNEFND RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA UM EFNAHAGSMÁL

Mikið mæddi á samráðsnefnd um efnahagsmál (SUE) á árinu. Nefndin gegnir mikilvægu hlutverki við framfylgd laga um opinber fjármál, s.s. við undirbúning fjármálastefnu og -áætlunar. Þá fjallaði nefndin ítarlega um frumvarp



Fjármála- og efnahagsráðherra ávarpar fjármálaráðstefnu 2016

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, en í frumvarpinu eru lagðar til verulega takmarkanir á erlendum lántökum sveitarfélaga. Ekki náðist samstaða innan nefndarinnar, en frumvarpið varð ekki að lögum.

## ENDURSKOÐUN FJÁRMÁLAKAFLA SVEITARSTJÓRNARLAGA

Í sveitarstjórnarlögum, nr.138/2011, ákvæði til bráðabirgða, er mælt fyrir um að endurskoða skuli ákvæði laganna um fjármál sveitarfélaga innan fimm ára frá gildistöku laganna með hliðsjón af framkvæmd þeirra. Innanríkisráðherra skipaði vinnuhóp, sem í sáttu fulltrúar innanríkisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og sambandsins. Lauk vinnuhópurinn störfum í lok árs 2016, en frekari kynning niðurstaðna á dagskrá í byrjun árs 2017.

Helstu niðurstöður voru þær að löggin hefðu falið í sér kröfu um aukinn aga í fjármálum sveitarfélaga og reynslan í stórum dráttum verið í hátt við væntingar. Engu að síður veltir vinnuhópurinn upp nokkrum tillögum til breytinga á fjármálaeðgum og til frekari umræðu. Annars vegar er þar um að ræða einfaldar breytingar innan núverandi fyrirkomulags og hins vegar víðameiri breytingar sem kalla á frekari rýni og umræður.

## SAMKOMULAG OG NÝ LÖG UM OPINBERA LÍFEYRISJÓÐI

Þann 19. september var skrifað undir samkomulag ríkissjóðs, sveitarfélaganna, BSRB, Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands um breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Breytingarnar taka til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brúar – lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.

Í samkomulaginu er kveðið á um samræmingu og jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði, m.a. með aldurstengdri ávinnslu réttinda á báðum stöðum.

Samkomulagið felur í sér að sjóðfélögum í A-deildum sjóðanna eru tryggð sambærileg réttindi og þeir hafa nú með fjárframlagi hins opinbera til að mæta ófjármögnum framtíðarskuldbindingum vegna þeirra. Lífeyriskerfi opinberra starfsmanna verður fullfjármagnað, kerfið sjálfbært og ábyrgð launagreiðenda afnumin.

Samkomulagið kvað ennfremur á um að unnið skuli að því að jafna mismun á launakjörum á milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins.

Heildarsamtök opinberra starfsmanna gerðu athugasemdir við það lagafrumvarp sem samið var í kjölfarið og töldu það ekki í samræmi við fyrrgreint samkomulag. Nokkrar breytingar voru gerðar á frumvarpinu sem síðar varð að lögum. Löggin taka gildi um mitt ár 2017.

Sveitarfélögin munu leggja lífeyrisaukaskjóði A-deildar Brúar til skuldaviðurkenningu sem nemur um 32 ma.kr. og um 3 ma.kr. í varúðarsjóð.

Samhliða ofangreindu samkomulagi var gerður samningur milli ríkisins og sveitarfélaganna sem kvað m.a. á um að ríkið tæki yfir skuldbindingar sveitarfélaga gagnvart A-deild LSR, en þær nema 23,6 milljörðum króna.

## ÞJÓÐHAGSRÁÐ

Þjóðhagsráði er ætlað samhæfa stefnuna í peningamálum, opinberum fjármálum og vinnumarkaðsmálum. Stofnun Þjóðhagsráðs er í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá maí 2016, en hún var gefin út til að greiða fyrir gerð kjarasamninga. Einnig er kveðið á um stofnun Þjóðhagsráðs í rammisamkomulagi aðila á vinnumarkaði (SALEK-samkomulaginu).

Fulltrúar ríkisstjórnarinnar, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka atvinnulífsins og Seðlabanka Íslands komu saman til fyrsta fundar Þjóðhagsráðs 8. júní 2016, en ráðið lýtur formennsku forsætisráðherra.



Bræðurnir Steinar og Ólafur Adolfssynir frá Akranesi



## UNDANÞÁGUR FRÁ FASTEIGNASKATTI

Sambandið beitti sér fyrir stofnun nefndar með þátttöku fulltrúa innanríkisráðuneytisins, Samorku, Samtaka orku-sveitarfélaga, Þjóðskrár og fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sem greini möguleika þess að felldar verði niður allar undanþágur frá álagningu fasteignaskatts og öll mannvirki verði metin til fasteignamats. Sérstök áhersla er lögð á orkumannvirki í þessu sambandi.

Á grundvelli tillögu og þrýstings frá sambandinu var þessi nefnd stofnuð af hálfu innanríkisráðuneytisins, en verkefni hennar var skilgreint þrengra en sambandið óskaði eftir. Engu að síður er það jákvætt skref í málinu og taka fulltrúar sambandsins fullan þátt í þróun og vinnslu þess. Reiknað er með að nefndin skili álit á fyrri hluta árs 2017.

## FJÁRMÁLARÁÐSTEFNA SVEITARFÉLAGA

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga var haldin á Hilton Reykjavík Nordica hóteli dagana 23. og 23. september. Mun fleiri sóttu ráðstefnuna en nokkurn tíma áður.

Að loknum ávörpum formanns sambandsins, Halldórs Halldórssonar og fjármála- og efnahagsráðherra, Bjarna Benediktssonar, stjórnaði dr. Sigrún Stefánsdóttir samræðum milli þeirra. Framkvæmdastjóri sambandsins gerði grein fyrir samkomulagi um lífeyrismál og samkomulagi við ríkið um hjúkrunarheimili. Nýr sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs fór yfir fjárhagsstöðu sveitarfélaga.

Pemað eftir hádegi var ferðaþjónustan. Rýnt var í kostnað og tekjur sveitarfélaga af ferðaþjónustu og reifuð áform um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn. Loks var kynnt skýrsla sambandsins um auknar tekjur af ferðamönnum og áherslur sambandsins í þeim efnunum.

Seinni deginum var eins og hefð er fyrir skipt í tvo hluta. Í öðrum salnum var fjallað um gráu svæðin í félagsþjónustunni, þ.e. þar sem óljós ábyrgðarskil eru milli ríkis og sveitarfélaga, og húsnæðismálin. Meðal grárna svæða sem fjallað var um

má nefna þjónustu við langveik börn, börn með fjölþættan vanda og þjónustu við innflytjendur. Ný lög um húsnæðismál og þau tækifæri sem í þeim leynast fyrir sveitarfélögin voru til umfjöllunar.

Í hinum salnum var tekist á við áskoranir í rekstri og stjórnun sveitarfélaga. Gerð var grein fyrir stöðu og horfum í efnahagsmálum, lögum um opinber fjármál og farið yfir þróun fjármála sveitarfélaga. Tekist var á um einkaframkvæmd (PPP), skólavogin kynnt og lok fjallað um aðferðir við samanburð á rekstri sveitarfélaga.

Að aflokinni fjármálaráðstefnu var þátttakendum sem venja er gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum og ábendingum um ráðstefnuna. Um helmingur skilaði ráðstefnumat sem var rafrænt. Þótt almenn ánægja væri með ráðstefnuna gerðu margir athugasemdir við að miklu fleiri karlar en konur voru meðal ræðumanna. Þá þótti og mörgum þröngt á þingi.

## BYGGÐARÁÐSTEFNA Á BREIÐDALSVÍK

Sambandið var í fyrsta sinn aðili að byggðaráðstefnu Byggðastofnunar, ásamt Austurbrú, Breiðdalshreppi og SSA. Ráðstefnan var haldin á Breiðdalsvík í september undir yfirskriftinni: *Sókn landsbyggða: Kemur unga fólkið? Hvar liggja tækifærin?*

Byggðaráðstefnum Byggðastofnunar er ætlað að kynna nýjar rannsóknir í byggðamálum og reynslu af hagnýtu starfi og vera á þeim grunni vettvangur fyrir umræðu um stefnumótun.

Ákveðið var að halda ráðstefnuna á Breiðdalsvík til að veita þátttakendum innsýn í lífskjör heimamanna og áskoranir og tækifæri sem þeir standa frammi fyrir. Með framsögum á fyrri degi ráðstefnunnar var leitast við að gefa yfirsýn yfir stöðu og þróun í byggða- og atvinnumálum landsbyggðanna. Kynntar voru nýlegar rannsóknir á þróun menntamála, atvinnuhátta sjávarbyggða, ferðaþjónustu, stóriðju og síðast en ekki síst á viðhorfum ungs fólks og brottfluttra kvenna.



Frá fjármálaráðstefnu 2016



Þá sagði Laila Kildesgaard, framkvæmdastjóri svæðisveitarfélagsins Borgundarhólms, frá því hvernig unnið hefur verið að því að snúa vörn í sókn á eyjunni sem hefur, sem danskt jaðarsvæði, þurft að glíma við svipaðar áskoranir og íslensk landsbyggð.

Á seinni degi ráðstefnunnar var sjónum beint að sóknarfærum til jákvæðrar framþróunar. Kynnt voru árangursrík þróunarverkefni og tækifæri. Þátttakendur voru tæplega 100 sem var meira en búist hafði verið við.

## MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS

Sambandið tók þátt í gerð framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017 til 2021. Fyrstu drög áætlunarinnar voru kynnt í lok nóvember og send út til umsagnar, m.a. hjá sveitarfélögum og þjónustusvæðum í málaflokknum. Fyrirliggjandi áherslur miða að því að áætlunin styðji við innleiðingu á Sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks sem var fullgiltur af Íslands hálfu í framhaldi af einróma samþykki Alþingis á þingsályktunartillögu þess efnis í september. Helstu áhrif sáttmálans á kjarnastarfsemi sveitarfélaga endurspeglast í tillögum um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk sem starfshópur skilaði til ráðherra í október. Í starfshópnum voru fjórir fulltrúar sveitarfélaga og liggur fyrir að unnið verður áfram að tillögnum á árinu 2017.

Starfshópur um orlofsmál fatlaðs fólks lauk störfum á árinu, en sambandið átti fulltrúa í starfshópnum sem skilaði af sér skýrslu til ráðherra um framtíðarfyrirkomulag í orlofsmálum fatlaðs fólks. Starfshópurinn lagði ríka áherslu á það að tryggja beri gæði þjónustunnar og var m.a. lagt til að gerð yrði krafa um starfsleyfi vegna þjónustunnar, auk almennra leyfa, svo sem gistileyfis. Þá var lögð áhersla á mikilvægi þess að tryggja eftirlit og að hæft starfsfólk yrði fengið til starfa, þ.e. að sambærilegar kröfur yrðu gerðar til starfsfólks orlofsstaða og gerðar eru til starfsfólks sveitarfélaga sem vinna með fötluðu fólki.

## SAMRÁÐSHÓPUR SSH UM VELFERÐAR- MÁL Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Sambandið fékk boð um að taka þátt í samráðshóp SSH um velferðarmál á höfuðborgarsvæðinu og situr fulltrúi sambandsins mánaðarlega fundi með hópnum. Það hefur verið afar gagnlegt fyrir sambandið að halda beinum tengslum við baklandið með þessum hætti og þannig geta fylgst með þeim málum sem eru helst á döfinni í velferðarmálum á höfuðborgarsvæðinu.

## MÁLEFNI HÆLISLEITENDA OG FLÓTTAMANNA.

Á árinu 2016 tóku þrjú sveitarfélög á móti hópum flóttamanna frá Síurlandi og fleiri undirbyggju sig undir að taka á móti hópum í byrjun 2017. Á árinu voru slegin öll met í fjölda umsókna um hæli hér á landi og Útlendingastofnun þurfti í auknum mæli að leita til sveitarfélaga um þjónustu við hælisleitendur. Þessar aðstæður hafa orðið til þess að sveitarfélög leita í auknum mæli eftir stuðningi sambandsins vegna þessara málefna sem sambandið hefur ekki áður haft afskipti af. Sambandið stóð fyrir samráðsfundi með móttöku sveitarfélögum og fulltrúum ríkisins í desember 2016 og að frumkvæði þess var farið í vinnu við að kortleggja þjónustu leik-, grunn- og framhaldsskóla við börn hælisleitenda, og stuðla að aukinni samvinnu um málefnið.

## JAFNRÉTTI Í SVEITARFÉLÖGUM

Í lok mars var haldið málþing um jafnrétti í sveitarfélögum og í framhaldinu var boðið upp á námskeið um sama efni. Í tengslum við málþingið og námskeið var gefið út fræðsluhefti – *Jafnréttismál eru sveitarstjórnarmál*.

Þessir viðburðir voru haldnir með vísun til stefnumörkunar sambandsins kjörtímabilið 2014–2018 um að sambandið skuli hvetja og styðja sveitarfélögin í því að ná fram jafnrétti kynjanna í reynd. Rúmlega 70 manns tóku þátt í málþinginu.



Íslendingar tóku fagnandi á móti karlalandslíðinu í knattspyrnu eftir að þátttöku þeirra í úrslitakeppni EM lauk í Frakklandi

Tæplega helmingur þeirra voru bæjarstjórar og kjörnir fulltrúar en það var lögð sérstök áhersla á þátttöku þessara hópa. Tæplega 40 manns tóku þátt í námskeiðinu daginn eftir þar sem farið var dýpra ofan í aðferðir til að vinna að kynjasambættingu á sveitarstjórnarstigi. Málþingið og námskeiðið voru haldin í samstarfi við Jafnréttisstofu og jafnréttisráð með fjárstuðningi þess. Tveir sænskir sérfræðingar töluðu á málþinginu og voru leiðbeinendur á námskeiðinu. Allir þátttakendur fengu fræðsluhefti fyrir stjórnendur um jafnrétti í sveitarfélögum sem var gefið út í tengslum við þessa viðburði. Heftinu var einnig dreift til allra fulltrúa á landsþingi sambandsins og það sent rafrænt til allra sveitarfélaga.

## HÚSNÆÐISMÁL

Húsnæðismál voru fyrirferðarmikið verkefni allt árið 2016. Unnið var markvisst að innleiðingu á framtíðarskipan húsnæðismála á grundvelli nýrra og breyttra laga sem Alþingi samþykkti á fyrri hluta árs. Nýtt samkomulag um verka- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem náðist í maí er einnig ákveðinn hornsteinninn í innleiðingunni.

Veigamestu breytingarnar varða opinberan húsnæðisstuðning á formi stofnframlaga ríkis og sveitarfélaga (lög um almennar íbúðir) og nýtt fyrirkomulag á aðstoð við leigjendur (lög um húsnæðisbætur), sem leysti af hólmi eldra kerfi húsaleigubóta í lok ársins. Jafnframt voru gerðar breytingar á húsaleigulögum og lögum um húsnæðissamvinnufélög.

Sambandið tók þátt í fundaröð sem Íbúðalánasjóður stóð fyrir á haustdögum þar sem nýjungar og breytingar voru kynntar fyrir sveitarfélögum. Fundarröðinni lauk með fundi í húsakynnum sambandsins sem sendur var út á netinu auk þess sem upptaka var aðgengileg í framhaldinu.

Sérfræðingar sambandsins fylgdust allnáið með fyrstu úthlutun stofnframlaga af hálfu ríkisins sem tilkynnt var þann 30. desember 2016. Verklag við úthlutun reyndist að flestu leyti vera í samræmi við væntingar sveitarfélaga til nýja

kerfisins ef undan er skilin úthlutun stofnframlaga til sérstakra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk. Í fyrstu umferð reyndust þessi stofnframlög til þyngstu úrræðanna vera mun lægri en gert hafði verið ráð fyrir og raskaði það áætlunum sem gerðar höfðu verið. Þær áætlanir tengjast einnig fasteignaframlögum úr sérdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna fatlaðs fólks, sem voru til endurskoðunar á árinu. Sambandið lagði fram tillögur í febrúar um framtíðarfyrirkomulag þessara framlaga og voru þær tillögur til umræðu á vettvangi jöfnunarsjóðs og ráðuneyta á árinu. Í lok árs hillti undir niðurstöðu í málinu sem felur í sér endurskoðaða kostnaðar- og verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

## GRÁBÓK

Svonefnd *Grábók* sambandsins, sem er yfirlit um grá svæði í velferðarþjónustu ríkis og sveitarfélaga, hefur beint kastljósinu að ýmsum brýnum úrlausnarefnum á sviði velferðarþjónustu. Í ljósi þess að grábókin er á meðal sameiginlegra verkefna ríkis og sveitarfélaga skv. samkomulagi um opinber fjármál, sem undirritað var í apríl, eru vonir bundnar við að í hönd fari markviss vinna í samvinnu við ráðuneyti um fækkun grárra svæða. Ljóst er þó að um langhlaup verður að ræða enda er verkefnið umfangsmikið. Á árinu unnu sérfræðingar sambandsins að fjölmörgum málum sem fjallað er um í Grábókinni og má sem dæmi nefna geðheilbrigðismál og málefni barna með fjölbættan vanda, öryggisgæslu, þjónustu við áfengis- og vímuefnaneytendur, þjónustu við aldraða, þróun notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar og málefni hælisleitenda og flóttamanna.

Við endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og gerð nýrra laga um þjónustu við fatlað fólk er að sjálfsögðu einnig lögð áhersla á að skerpa ábyrgðaskilin á milli ríkis og sveitarfélaga, m.a. varðandi rétt fólks sem er 67 ára eða eldra til þess að fá þjónustu á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk. Einnig tóku fulltrúar sambandsins þátt í starfshópum sem tengjast grábókinni og má þar nefna starfshóp um þjónustu við langveik börn, starfshóp um þjónustu við fólk



Tryggvi Þórhallsson kynnr stefnumörkun húsnæðismál



í öndunarvélum og starfshóp um þjónustu við börn með athyglisbrest og ofvirkni (ADHD).

## DAGGJÖLD TIL HJÚKRUNARHEIMILA

Starfsmenn sambandsins unnu að gerð rammasamnings um starfsemi hjúkrunarheimila sem miðar að því að skýra starfsumhverfi þeirra sem sinna þjónustu við aldrað fólk og búa í haginn ef koma skyldi til þess að þjónustan verði flutt til sveitarfélaga. Samningar náðust um hækkun daggjalda frá ríkinu og að ríkið tæki yfir um 3 ma.kr. lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimila sveitarfélaga.

## ÁHERSLUR SAMBANDSINS Í SKÓLAMÁLUM

Unnið var að endurskoðun áherslna sambandsins í skólamálum. Tekin var sú ákvörðun að endurnýja ekki skólamálastefnu sambandsins á því formi sem hún hefur verið frá 2008. Stefnumörkun sambandsins til fjögurra ára liggur starfseminni til grundvallar, og er nánar útfærð í starfsáætlun fyrir hvert ár þar sem áherslur sambandsins í skólamálum birtast. Skólamálanefnd er stjórn og skólateymi sambandsins til ráðgjafar á sviði skóla- og fræðslumála.

## SAMKOMULAG UM MÁLEFNI TÓNLISTARSKÓLA

Í apríl var undirritað samkomulag til þriggja ára um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun til tónlistarnáms. Þar með var bundinn endir á langvarandi óvissuástand um fjármögnun tónlistarnáms. Á árinu gerði mennta- og menningarmálaráðuneytið einnig samkomulag við tvo tónlistarskóla um stofnun nýs listframhaldsskóla með áherslu á tónlistarnám og er gert ráð fyrir að sá skóli taki við allt að 200 nemendum af landinu öllu á framhaldsstigi og svonefndu fjórða stigi, þ.e. nám að loknu framhaldsstigi. Þeir nemendur falla utan samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga sem þýðir verulega aukningu á framlögum ríkisins til tónlistarnáms á

framhaldsstigi. Áhugavert verður að fylgjast með því hvernig nýi skólinn mun þróast.

## SKÓLI ÁN AÐGREININGAR

Úttekt á skóla án aðgreiningar stóð yfir allt árið 2016 og kallaði á töluvert vinnuframlag af hálfu sambandsins og annarra samstarfsaðila. Evrópumíðstöð (EMS) skilaði drögum að lokaskýrslu í byrjun janúar 2017, en endanleg skýrsla var kynnt í byrjun mars auk þess sem undirrituð var samstarfsyfirlýsing þriggja ráðuneyta, sambandsins, KÍ, Skólameistarafélagsins og Heimilis og skóla um samvinnu á grundvelli niðurstaðna. Haldið var málþing í október í tengslum við úttektina. Niðurstöður þessarar úttektar munu varpa skýru ljósi á það hvað vantar upp á framfylgd og innleiðingu menntastefnunnar hérlandis og fjölmargar ábendingar um mögulegar úrbætur fylgja.

## SAMSTARF VIÐ KENNARAMENNTUNARSTOFNANIR OG KENRARASKORTUR

Mikil umræða átti sér stað á árinu um fyrirsjáanlegan kennaraskort í grunnskólum. Beiðnum til undanþágufndar um leyfi til kennslu án tilskilinnna kennsluréttinda hefur fjölgað nokkuð að undanförmu. Nýliðun í kennarastéttinni er lítil og stór hópur hættir störfum á næstu misserum sökum aldurs. Vegna þessa stefnir í alvarlegan vanda innan fárra ára. Að frumkvæði sambandsins voru haldnir gagnlegir fundir, þ. á m. einn sameiginlegur, með báðum kennaramenntunarstofnunum þar sem rætt var um leiðir til þess að auka áhuga á kennaranámi og úrbætur í náminu. Þá á skólamálafulltrúi sæti í starfshópi Reykjavíkurborgar sem fjallar um þennan vanda auk þess sem áður nefnt samstarfsráð hefur málið á sinni dagskrá.



Undirritun samkomulags um málefni tónlistarskóla



## MÁLEFNI BARNNA MEÐ TAL- OG MÁLPROSKARASKANIR

Vinna starfshóps á grundvelli þingsályktunartillagna um úrbætur í málefnum barna og ungmenna með tal- og málproskaraskanir fór fram allt árið. Auk þess var unnið að endurskoðun rammasamnings sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands sem heimilar sveitarfélögum að ráða til sín talmeinafræðinga er sinna verkefni ríkisins á sviði meðferðar og þjálfunar. Því miður hefur samstarfið ekki gengið sem skyldi og ólíklegt að framhald verði á tilraunverkefni sl. árs á grundvelli samningsins.

## OPNIR FUNDIR UM SKÓLAMÁL

Ákveðið var að halda þrjá morgunverðarfundi um skólamál það árið sem ekki væri skólaþing í stað málþings um skólamál eins og verið hefur. Yfirskrift fundanna var *Skóli fyrir alla* en kastljósi svo beint að afmörkuðu málefni á hverjum þeirra. Fundirnir þóttu takast vel og voru ágætlega sóttir.

## ÚRGANGSMÁL

Stjórn sambandsins samþykkti endurskoðaðar áherslur sambandsins í úrgangsmálum á grundvelli skýrslu starfshóps um stefnumótun í úrgangsmálum. Stefnt er að því að kynna áherslurnar fyrir nýjum ráðherra umhverfis- og auðlindamála í byrjun næsta árs. Meginatriði skýrslunnar varða bætt samskipti við ríkisvald, áherslu á bætt tölfræði úrgangsmála og að nýta mun betur en áður úrgang sem auðlind, t.d. sem innlendan orkugjafa og til að bæta jarðvegsgæði.

Sambandið hefur fylgst náið með framvindu breytinga á úrgangslöggjöf hjá Evrópusambandinu sem er að eiga sér stað undir formerkjum hringrásarhagkerfisins. Sambandið stóð á árinu fyrir málþingi þar sem erlendir sérfræðingar kynntu meginhugmyndir þessa kerfis, sem felur m.a. í sér ný markmið í endurvinnslu úrgangsefna á næstu 15 árum.

## FRÁVEITUMÁL

Fulltrúar sveitarfélaga tóku þátt í starfshópi um endurskoðun á fráveitureglugerð, en mjög hefur dregist að sá hópur skili tillögum sínum. Einnig hafa sambandið og Umhverfisstofnun unnið að því forgangsraða fráveituframkvæmdum, m.a. út frá áhrifum mikillar fjölgunar erlendra ferðamanna. Umhverfisstofnun mun birta forgangslista yfir nauðsynlegar fráveituframkvæmdir og leggja mat á kostnað við þær.

## HEIMSMARKMIÐ Í SJÁLFBÆRRI ÞRÓUN

Í september 2015 samþykktu Sameinuðu þjóðirnar ný heimsmarkmið um sjálfbæra þróun til 15 ára, svokölluð Agenda 2030. Á Íslandi hafa forsætis- og utanríkisráðuneyti forræði yfir framgangi þessara markmiða. Sambandið hefur fundað með fulltrúum ráðuneytanna og mun kynna markmiðin fyrir sveitarstjórnnum á næstu misserum. Heimsmarkmiðin eru 17 talsins, en eftir er að forgangsraða þeim eftir mikilvægi miðað við íslenskar aðstæður.

## FERÐAÞJÓNUSTAN

Skýrsla starfshóps um auknar tekjur sveitarfélaga af ferðaþjónustu var kynnt á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og síðan samþykkt í stjórn sambandsins í október. Þar er lögð áhersla á að gistináttaskattur verði hækkaður og að hluti af honum renni beint til sveitarfélaga. Einnig er lögð áhersla á að samþykkt verði lagabreyting þannig að hægt verði að leggja á bílastæðagjöld utan þéttbýlis til að fjármagna framkvæmdir á fjölsóttum ferðamannastöðum.

Á árinu 2016 var ráðinn sérfræðingur í tímabundið starf til þess að sinna verkefnum á sviði ferðaþjónustu. Helstu verkefni hans voru að undirbúa gerð landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarminjuna og að vinna að undirbúningi svæðisbundinna áætlana um þróun ferðaþjónustu í landshlutum (e. Destination Management Plans – skst. DMP).



Ferðamönnum fylgar stöðugt

## EVROPUSAMTÖK SVEITARFÉLAGA - CEMR

Samþykktar voru breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanaleyfi sem tóku gildi 1. janúar 2017. Stærsta breytingin snýr að því að í stað þess að þurfa rekstrarleyfi til þess að bjóða ferðamönnum heimagistingu er nægilegt að tilkynna til sýslumanns um slíka starfsemi ásamt því að fá starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti. Markmiðið er að einfalda leyfisveitingar og ná óskráðri gististarfsemi upp á yfirborðið. Lögfræðingar sambandsins lögðu mikla vinnu í að leiðbeina sveitarfélögum og veita umsagnir um reglugerð sem gefin var út í desember en skoðanir eru ákaflega skiptar um ágæti þessara breytinga og er mikilvægt að sveitarfélög og samtök þeirra fylgjast náið með framkvæmd þeirra.

### EES EFTA SVEITARSTJÓRNAVETTANGUR

Sveitarstjórnarvettvangur EFTA fundaði í þrettánda sinn í Stykkishólmi í júní. Helstu umfjöllunarefni vettvangsins að þessu sinni voru áhrif stefnumótunar ESB um hringrásarhagkerfið á sveitarstjórnarstigið í EES EFTA löndunum og nýtt styrkjatímabil 2014–2021 fyrir EES uppbyggingarsjóðina en vettvangurinn ályktaði um þessi tvö mál. Einnig var fjallað um fyrirhugaðan fríverslunarsamning ESB og Bandaríkjanna (TTIP), samningaviðræður um fjölpjóðlegan samning um þjónustuviðskipti (TiSA) og flóttamannavandann í Evrópu.

Sveitarstjórnarvettvangur EFTA fundaði í fjórtánda sinn í Brussel í nóvember sl. Helsta viðfangsefni vettvangsins að þessu sinni var ný áætlun ESB um færni (New Skills Agenda), sem vettvangurinn ályktaði um. Einnig var fjallað um þátttöku EFTA ríkja í stofnunum ESB og brottför Breta úr Evrópusambandinu (Brexit).

Vettvangurinn tók til starfa árið 2010 til að gæta hagsmuna sveitarstjórnarstigsins í EES EFTA samstarfinu. Í honum eiga sæti allt að sex kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnarstigi frá Íslandi. Sami fjöldi frá Noregi og tveir áheyrnarfulltrúar frá Sviss. Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og landshlutasamtök sveitarfélaga tilnefna fulltrúa af hálfu Íslands.

Sambandið er aðili að Evrópusamtökum sveitarfélaga, CEMR, og á þrjá fulltrúa í pólitískri yfirstjórn samtakanna sem kemur saman tvisvar á ári. Nefndin hélt vorfund sinn á Kýpur í tengslum við Allsherjarþing CEMR sem var haldið þar í apríl. Allsherjarþing CEMR eru haldin á fjögurra ára fresti. Þau eru stærstu viðburðir CEMR og opin öllu evrópsku sveitarstjórnarfólki. Stjórnarmennirnir Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnar Einarsson og Eiríkur Björn Björgvinsson tóku þátt í fundinum og þinginu, svo og Karl Björnsson framkvæmdastjóri og Anna G. Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs. Á þinginu fóru fram umræður í 30 málstofum um helstu áskoranir sveitarfélaga í nútíð og framtíð, undir yfirskriftinni: *Morgundagurinn byrja í dag*. Áskoranir í Evrópusamvinnunni voru þátttakendum sérstaklega hugleiknar. Eiríkur Björn Björgvinsson flutti framsögu í málstofu um þátttöku íbúa í staðbundnu lýðræði. Góður rómur var gerður að kynningu hans og veftímaritið „*Cities of Today*“ valdi hana sem eina áhugaverðustu kynningu þingsins.

Haustfundur pólitísku stjórnar CEMR var haldinn í desember í Maastricht í Hollandi sem var viðeigandi, því á fundinum var þess minnst að 25 ár eru liðin síðan Maastricht-sáttmáli Evrópusambandsins var undirritaður en hann styrkti stöðu nálægðarreglunnar í starfi ESB og um leið stöðu sveitarstjórnarstigsins gagnvart ESB. Margir höfðu orð á því að afmælið bæri upp á tíma þegar Evrópusamvinnan stendur frammi fyrir áskorunum sem aldrei fyrr, með úrsögn Bretlands úr sambandinu, flóttamannavandanum og uppgangi þjóðernisöfgahreyfinga. Á fundinum voru líka umræður um jafnréttismál í tilefni af 10 ára afmæli sáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum sem CEMR hafði forgöngu um. Einnig fóru fram kosningar til helstu embætta samtakanna. Stefano Bonacci, forseti ítalska sveitarfélaga-sambandsins, var kjörinn nýr forseti CEMR. Stjórnarmennirnir Aldís Hafsteinsdóttir, Ísólfr Gylfi Pálmason og Heiða Björg Hilmisdóttir tóku þátt í fundinum og auk þeirra sátu þær



Eiríkur Björn Björgvinsson hafði framsögu í málstofu um staðbundið íbúalýðræði



Anna G. Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs, og Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, forstöðumaður Brussel-skrifstofu sambandsins, fundinn.

## SVEITARSTJÓRNARÞING EVRÓPURÁÐSINS

Sambandið á þrjá fulltrúa á sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins sem kemur saman að vori og hausti í Frakklandi.

Þingið er pólitískur samstarfsvettvangur evrópskra sveitarfélaga og svæða. Eitt af meginverkefnum þingsins er að hafa eftirlit með stöðu Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga, og eftirlit með framkvæmd sveitarstjórnarkosninga, í aðildarríkjum Evrópuráðsins. Þingið ályktar einnig um ýmis málefni sem varða sveitarstjórnarstigið, sérstaklega um lýðræðis- og mannréttindamál og er ályktunum eftir atvikum beint að þingi Evrópuráðsins og ráðherranefnd, svo og að ríkisstjórnnum aðildarríkja Evrópuráðsins og sveitar- og svæðisstjórnnum innan þeirra.

Stjórnarmennirnir Sigurður Björn Blöndal, Gunnar Axel Axelsson og Aldís Hafsteinsdóttir tóku þátt í vorþingi í mars og stjórnarmennirnir Sigurður Björn Blöndal og Gunnhildur Ingvarsdóttir í haustþingi í október. Anna G. Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, sem er ritari íslensku sendinefndarinnar, tók einnig þátt í báðum þingunum. Yfirskrift þeirra beggja var síðferði og gagnsæi á sveitarstjórnarstigi og ýmsar ályktanir sem varða það efni voru afgangar á þingunum.

## KJARASAMNINGAGERÐ

Alls var lokið við gerð 43 kjarasamninga við 63 stéttarfélag starfsmanna sveitarfélaga á tímabilinu 20. nóvember 2015 til 17. febrúar 2017.

Meginþunginn í kjarasamningagerðinni lág frá nóvember 2015 fram í byrjun júní 2016. Samningar voru undirritaðir við starfsmannafélög innan BSRB og ASÍ undir lok nóvember 2015, við félag leikskólakennara og skólastjórndendur í

leikskólum og í grunnskólum sömuleiðis í nóvember og byrjun desember 2015. Samningar náðust við meginþorra stéttarfélaga í Bandalagi háskólamanna í marsmánuði 2016. Í byrjun júnímánaðar 2016 var kjaraviðræðum við öll stéttarfélag lokið nema Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum og við Félag grunnskólakennara.

Kjarasamningurinn við Félag grunnskólakennara rann út 31. maí 2016 og var nýr samningur milli aðila undirritaður þann 30. maí. Samningurinn var felldur í atkvæðagreiðslu kennara þann 9. júní. Þann 23. ágúst undirrituðu samninganefndir aðila nýjan kjarasamning, sem sömuleiðis var felldur í atkvæðagreiðslu kennara þann 9. september 2016. Þann 29. nóvember undirrituðu samninganefndir aðila kjarasamning í þriðja sinn sem samþykktur var af báðum aðilum.


Í árslok var enn ósamið við Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, en þeirri deilu lauk með miðlunartillögu sem ríkissáttasemjari lagði fram 31. janúar 2017. Tillagan var samþykkt í atkvæðagreiðslu.

Almennt gilda kjarasamningar Sambands íslenskra sveitarfélaga út mars 2019, en með þeim undantekningum þó að kjarasamningur við Félag grunnskólakennara rennur út 30. nóvember 2017 og kjarasamningur við Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum í rennur út 31. mars 2018.

## STARFSMATIÐ

15 stéttarfélag háskólamanna sömdu í gildandi kjarasamningum um upptöku starfsmats samkvæmt starfsmatskerfinu Samstarf og breytist samsetning heildarlauna og launaröðun starfa þeirra í samræmi við það.

Starfsmatið verður innleitt í áföngum á samningstímanum. Innleiðingarferlið hófst þann 1. apríl 2016 með nýrri launaröðun starfa til bráðabirgða. Þann 1. júní 2018 kemur starfsmatið svo að fullu til framkvæmda. Öll störf raðast þá samkvæmt starfsmati og röðun til bráðabirgða fellur úr gildi. Forsenda upptöku starfsmats er breyting á samsetningu heildarlauna, þannig að hlutur dagvinnulauna eykst og fastar



Vinnustofa um kjarasamningagerð



viðbótargreiðslur lækka sem nemur þeirri hækkun sem leiðir af bráðabirgðaröðun starfa og upptöku starfsmats.

Aðilar urðu sammála um að fylgja þeim forsendum að sveitarfélagi/launagreiðanda er gert skylt að færa fastar viðbótargreiðslur inn í dagvinnulaun. Hér er um að ræða fasta yfirvinnu, persónuálag og/eða launaflokka sem greitt er umfram ákvæði gildandi kjarasamnings ásamt tímabundnum viðbótarlaunum og/eða stjórnendaálagi.

Með upptöku starfsmats fyrir háskólamenn telja samningsaðilar að stigið sé veigamikið skref í þá átt að styrkja samkeppnisstöðu sveitarfélaga vegna háskólamenntaðra sérfræðinga.

## SALEK

SALEK-hópurinn fundaði reglulega á árinu og unnið var áfram að undirbúningi nýs vinnumarkaðslíkans.

Hópurinn fékk Steinar Holden, prófessor við Oslórháskóla, til ráðgjafar í verkefninu og skilaði hann skýrslu sinni í maí mánuði.

SALEK-hópurinn hélt fjölmennan fund í maí þar sem skýrslan var kynnt fyrir aðilum vinnumarkaðarins og umræður fóru fram um væntanlegt vinnumarkaðslíkan.

Í september heimsótti SALEK-hópurinn ríkissáttasemjara og forystu vinnumarkaðar í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Tilgangur ferðarinnar var að fræðast um reynslu þeirra af framkvæmd vinnumarkaðslíkana í þessum ríkjum.

Hlé var gert á vinnu SALEK-hópsins þegar leið á haustið 2016 og óvissa ríkir um framhald vinnu hans.

Sviðsstjóri kjarasviðs situr fyrir hönd sambandsins í SALEK-hópnum og aðrir sérfræðingar kjarasviðs hafa komið að vinnu við verkefnið með ýmsum hætti.

## NORRÆNT SAMSTARF Í KJARAMÁLUM

Í janúar 2016 var kjarasvið gestgjafi fyrir fund kjaramálastjóra norrænu sveitarfélagasambandanna. Aðrir fundir hópsins á árinu voru haldnir í ágúst í Finnlandi og í nóvember í Noregi. Í maí var kjarasvið gestgjafi fyrir fund vinnuréttarlögfræðinga norrænu sveitarfélagasambandanna.

Í ágúst heimsótti sendinefnd frá Kommunala Arbeidsgevarafelagið í Færeyjum sambandið. Skipulögð var tveggja daga dagskrá fyrir þau, sem innihélt samráðsfund um kjaramál, kynningu á starfsmatinu og heimsókn til Hafnarfjarðarbæjar.

## NÁMSFERÐ TIL SVÍPÞÓÐAR

Sambandið skipulagði námsferð til Svíþjóðar fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga í ágúst.

Námsferðin var skipulögð með vísun til stefnumörkunar sambandsins kjörtímabilið 2014–2018 um að sambandið skuli styðja sveitarfélögin við að ná tökum á þáttökulýðræði og öðrum nýmælum í lýðræðisátt. Sænska sveitarfélagasambandið, SKL, aðstoðaði við skipulagningu námsferðarinnar. Þátttakendur í ferðinni voru 35, yfirgnæfandi meirihluti bæjarstjórar og kjörnir fulltrúar.

Markmið ferðarinnar var að kynna fyrir íslenskum sveitarstjórnarmönnum hvernig sænsk sveitarfélög vinna að íbúasamráði. SKL hefur undanfarin ár, á grundvelli stefnumótandi áherslu landsþings þess, unnið að því að aðstoða sænsk sveitarfélög við að byggja upp kunnáttu og reynslu í íbúasamráði. Þrjú sveitarfélög af mismunandi stærð voru heimsótt og hópurinn fékk heils dags kynningu hjá sérfræðingum sænska sveitarfélagasambandsins í Stokkhólmi. Hópurinn naut einstakrar gestrisni og höfðingsskapar og hlýddi á vandaðar kynningar um málefni sem öll tengjast veruleika íslenskra sveitarstjórnarmanna.

Gefin var út stutt samantekt um námsferðina og er hún aðgengileg á vef sambandsins.



Heimsókn Færeyinga

## UT-DAGURINN 2016

Dagur upplýsingatækninnar (UT-dagurinn) hefur verið haldinn árlega frá árinu 2006, en að deginum standa innanríkisráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skýrslutæknifélagið. Tilgangur dagsins er að fjalla um það sem er efst á baugi í upplýsingatæknimálum hjá hinu opinbera. Í ár var haldið upp á daginn með ráðstefnu 1. desember á Grand hóteli Reykjavík. Megin þema dagsins var vaxandi ógnir sem steðja að öryggi persónuupplýsinga, kerfa og neta og hvernig brugðist verður við þeim með breytingum á evrópski löggjöf sem mun verða innleidd á íslensk lög á grundvelli EES samningsins.

## PERSÓNUVERND OG SVEITARFÉLÖG

Undirbúningur hófst af hálfu sambandsins fyrir innleiðingu á nýrri reglugerð Evrópusambandsins um persónuvernd, sem taka á gildi hér á landi árið 2018. Á árinu var m.a. skoðað hvernig rafrænt upplýsingakerfi fyrir grunnskóla (Mentor) samræmist kröfum um persónuvernd, í framhaldi af frumkvæðisúttekt Persónuverndar. Öll sveitarfélög sem vinna með persónuupplýsingar einstaklinga, hvort heldur um viðskiptavini, notendur hugbúnaðar, nemendur, eigið starfsfólk eða aðra, verða að fylgja hinni nýju löggjöf. Löggöf verður áhersla á að sambandið aðstoði sveitarfélögin eftir megni en um er að ræða mjög umfangsmikið verkefni.

## UTANKJÖRFUNDARATKVÆÐAGREIÐSLA HJÁ SVEITARFÉLÖGUM

Á undanförunum áratugum hefur kosningabátttaka í almennum kosningum á Íslandi farið minnkandi, og þá sérstaklega í sveitarstjórnarkosningum. Á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa farið fram umræður um hvernig hægt sé að bregðast við þessari þróun og snúa henni við. M.a. hefur verið horft til annarra norræna

ríkja en þar hefur kosningabátttaka einnig breyst til hins verra. Þar hafa verið gerðar tilraunir með aukið aðgengi að utankjörfundaratkvæðagreiðslu með ýmsum hætti. Þær tilraunir eru sagðar hafa aukið kosningabátttöku merkjanlega.

Fyrir forsetakosningarnar sumarið 2016 var ákveðið í samstarfi sambandsins og sýslumanna á Íslandi að gera tilraun með aukið aðgengi að utankjörfundaratkvæðagreiðslu með vísan til ákvæða í 58. gr. laga um kosningar til Alþingis þar sem segir m.a. í a-lið greinarinnar, að sýslumenn geti ráðið sérstaka trúnaðarmenn til þess að annast störf kjörstjóra við utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Í tilrauninni tóku 16 sveitarfélög og byggðasamlög þátt og var almenn ánægja með hvernig til tókst. Sérstaklega var mikil ánægja hjá þeim sem nýttu sér þessa auknu þjónustu í heimabyggð og þurftu því ekki að fara um langan veg til þess að geta kosið utan kjörfundar hjá sýslumönnum.

Innanríkisráðuneytið óskaði síðan eftir því í ágúst, að sambandið og sýslumenn beittu sér fyrir því að boðið yrði upp á aukið aðgengi að utankjörfundaratkvæðagreiðslu í samstarfi við sveitarfélög við alþingiskosningarnar í október 2016. Svipaður fjöldi sveitarfélaga bauð upp á aukið aðgengi að utankjörfundaratkvæðagreiðslu þá og við forsetakosningarnar fyrr á árinu. Almenn ánægja var með þetta fyrirkomulag þar sem upp á það var boðið.

## HEIMSÓKNIR TIL SAMBANDSINS

Í febrúar fengu stjórn málafræðinemar HÍ kynningu á EES starfi sambandsins í Brussel.

Tekið var á móti rúmenskum hópi í apríl og aðstoðað við skipulagningu námsheimsóknna hans hér á landi. Hópurinn kom hingað með styrk frá EES-þróunarsjóðnum til að kynna sér þjónustu við hópa sem standa höllum fæti. Fleiri umleitanir bárust frá Rúmeníu í kjölfarið sem voru sumar utan við verksvið sveitarfélaga en nokkrar voru framsendar Reykjavíkurborg til skoðunar.



Lettneska sveitarfélagasambandið kom í heimsókn til sambandsins í ágúst



Brussel-skrifstofa skipulagði námsferð fyrir Mosfellsbæ til Brussel í apríl þar sem heimsóttar voru helstu stofnanir og þátttakendur fengu kynningu á EES-starfi sambandsins.

Sendinefnd frá Sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins heimsótti sambandið í júní og sambandið aðstoðaði við skipulagningu heimsókna þeirra til íslenskra sveitarfélaga og funda með fulltrúum stjórnarsýslu ríkisins, Alþingis og Hæstaréttar vegna úttektar þeirra á stöðu íslenska sveitarstjórnarstigsins gagnvart Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga.

Tekið var á móti hópi frá lettneska sveitarfélagasambandinu í ágúst og aðstoðað við að skipuleggja námsheimsóknir þeirra til Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðar og Akureyrar til að kynna sér móttöku flóttamanna. Hópurinn kom með tilstyrk Norrænu ráðherranefndarinnar.

Tekið var á móti 38 bæjarstjórum frá Vorarlberg svæðinu í Austurríki í september og þeir uppræddir um félags-; velferðar- og innflytjendamál á Íslandi.

Forseti Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins Jean-Claude Frécon og Andreas Kiefer framkvæmdastjóri þess heimsóttu sambandið í september og aðstoð var veitt við skipulagningu fundar þeirra með fulltrúum Reykjavíkurborgar.

Heimsókn sveitarstjórnarmanna frá Grímsnes- og Grafningshreppi var 8. desember, en þeir voru í menningar- og fræðsluferð í höfuðborginni þann dag.

## STARFSMANNAMÁL

Í árslok 2016 voru starfsmenn sambandsins 28 talsins í 27 stöðugildum. Þar af var einn starfsmaður á skrifstofu sambandsins í Brussel. Af starfsmönnum sambandsins eru 16 konur eða rétt um 57%. Þrír starfsmenn sambandsins búa utan höfuðborgarsvæðisins.

Þær breytingar urðu á starfsmannahópnum á árinu, að Gunnlaugur A. Júlíusson sagði starfi sínu sem sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins lausu, þegar hann var ráðinn sveitarstjóri í Borgarbyggð frá 1. maí 2016.

Í starf sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs var ráðinn Sigurður Á. Snævarr hagfræðingur og hóf hann störf síðari hluta júní-mánaðar.

Í maí var Örn Þór Halldórsson arkitekt ráðinn til þess að sinna tímabundnu verkefni á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins samkvæmt samstarfssamningi við Stjórnstöð ferðamála í tengslum við landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Starfsmannafélag sambandsins og Lánasjóðs sveitarfélaga gekkst fyrir margs konar félagslífi og samkomuhaldi starfsmanna, sem starfsmenn tóku þátt í eftir því sem þeir höfðu tök á.



Gunnlaugur A. Júlíusson kvaddur



## STARFSMENN SAMBANDSINS Í DESEMBER 2016

### Framkvæmdastjóri:

Karl Björnsson

### Hag- og upplýsingasvið:

Sigurður Á. Snævarr sviðsstjóri  
Jóhannes Á. Jóhannesson sérfræðingur  
Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur

### Kjarasvið:

Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri  
Benedikt Þór Valsson hagfræðingur  
Berglind Eva Ólafsdóttir sérfræðingur  
Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur  
Margrét Sigurðardóttir sérfræðingur  
Sólveig B. Gunnarsdóttir lögfræðingur

### Lögfræði- og velferðarsvið:

Guðjón Bragason sviðsstjóri  
Gyða Hjartardóttir félagsþjónustufulltrúi  
Klara E. Finnbogadóttir sérfræðingur  
Lúðvík E. Gústafsson sérfræðingur  
Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi  
Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur  
Vigdís Ósk Sveinsdóttir Häsler lögfræðingur  
Þórður Kristjánsson sérfræðingur  
Örn Þór Halldórsson sérfræðingur

### Rekstrar- og útgáfusvið:

Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri  
Ingibjörg Hinriksdóttir, tækni- og upplýsingafulltrúi  
Kolbrún Erna Magnúsdóttir skjalastjóri  
Ragnheiður Snorradóttir gjaldkeri  
Sigríður Inga Sturludóttir móttökuritari  
Valur Rafn Halldórsson stjórnsýslufræðingur  
Þóra Helgadóttir, bókarari og launafulltrúi

### Þróunar- og alþjóðasvið:

Anna Guðrún Björnsdóttir sviðsstjóri  
Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, forstöðumaður  
Brussel-skrifstofu sambandsins



Það er yfirleitt létt yfir starfsmönnum sambandsins, hér eru þær Sigríður Sturludóttir og Ragnheiður Snorradóttir á XXX. landsþingi

## STJÓRN OG NEFNDIR Í DESEMBER 2016

### Stjórn sambandsins:

Halldór Halldórsson formaður, Reykjavíkurborgardæmi  
Skúli Helgason, Reykjavíkurborgardæmi  
S. Björn Blöndal, Reykjavíkurborgardæmi  
Gunnar Axel Axelsson, Suðvesturkjördæmi  
Gunnar Einarsson, Suðvesturkjördæmi  
Halla Sigríður Steinólfsdóttir varaform., Norðvesturkjördæmi  
Jónína Erna Arnardóttir, Norðvesturkjördæmi  
Eiríkur Björgvinsson, Norðausturkjördæmi  
Gunnhildur Ingvarsdóttir, Norðausturkjördæmi  
Aldís Hafsteinsdóttir, Suðurkjördæmi  
Ísólfur Gylfi Pálmason, Suðurkjördæmi

### Kjaramálanefnd:

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri, Hveragerðisbæ  
Gunnar Jónsson bæjarritari, Fjarðabyggð  
Haraldur Sverrisson bæjarstjóri, Mosfellsbæ  
Ragnhildur Ísaksdóttir stmstj., Reykjavíkurborg

### Félagsþjónustunefnd:

Guðrún Sigurðardóttir framkvæmdastjóri,  
Akureyrarkaupstað  
Gunnar Þorgeirsson oddviti, Grímsnes- og  
Grafningshreppi  
Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri,  
Hafnarfjarðarkaupstað  
Stefán Eiríksson sviðsstjóri, Reykjavíkurborg  
Sverrir Óskarsson bæjarfulltrúi, Kópavogsbæ

### Skipulagsmálanefnd:

Elín R. Líndal sveitarstjórnarmaður, Húnaþingi vestra,  
Arnbjörg Sveinsdóttir bæjarfulltrúi,  
Seyðisfjarðarkaupstað  
Hjálmar Sveinsson borgarfulltrúi, Reykjavíkurborg  
Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH  
Bárður Guðmundsson skipulags- og byggingarfulltrúi,  
Sveitarfélaginu Árborg

### Skólamálanefnd:

Anna Magnea Hreinsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs,  
Borgarbyggð  
Helga Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi,  
Fljótsdalshéraði  
Margrét Halldórsdóttir forstöðumaður, Ísafjarðarbæ  
Skúli Helgason borgarfulltrúi, Reykjavíkurborg  
Þorsteinn Hjartarson fræðslustjóri, Svf. Árborg

### Siðanefnd:

Sigurður Kristinsson formaður  
Erling Ásgeirsson varaformaður  
Anna Guðrún Björnsdóttir



100. fundur skólamálanefndar var haldinn í ágúst







**Ársreikningur  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
2016**

# Efnisyfirlit ársreiknings

---

Skýrsla og áritun stjórnenda.....	25	Rekstrarreikningur.....	29
Áritun óháðs endurskoðanda.....	26	Efnahagsreikningur.....	30
Áritun skoðunarmanna.....	28	Sjóðstreymisyfirlit.....	31
		Skýringar.....	32

# Skýrsla og áritun stjórnenda

## Skýrsla og áritun stjórnenda

Samband íslenskra sveitarfélaga var stofnað árið 1945 og er meginhlutverk þess að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi. Öll sveitarfélögin, 74 að tölu, eru aðilar að sambandinu.

Á árinu 2009 var stofnaður sérstakur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, og er gerð nánari grein fyrir honum í skýringu 2.

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og á fyrra ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru rekstrartekjur 518,2 m.kr. á árinu 2016 en rekstrargjöld 510,6 m.kr. Rekstrarafkoma ársins fyrir fjármagnsliði var því jákvæð um 7,7 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunatekna og fjármagnsgjalda var afkoma ársins jákvæð um 8,8 m.kr.

Laun og launatengd gjöld samkvæmt rekstrarreikningi námu samtals 378,6 m.kr. Þar af eru laun og launatengd gjöld vegna stjórnar, nefnda og ráða 31,6 m.kr. Ársverk starfsmanna voru 25,2.

Heildareignir sambandsins samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2016 nema 208,8 m.kr. en skuldir námu 60,6 m.kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam 148,2 m.kr. í árslok 2016.

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2016 er gefinn út hinn 25. janúar 2017 og er á þeim degi tilbúinn til afgreiðslu í stjórn sambandsins.

Reykjavík 25. janúar 2017.

Framkvæmdastjóri:



Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs:



Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík 24. febrúar 2017.

Stjórn:



## Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

### Áritun um endurskoðun ársreikningsins

#### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga („sambandið“) fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sambandsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

#### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sambandinu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sambandsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sambandið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sambandsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sambandsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sambandsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda frh.

---

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 24. febrúar 2017

**KPMG ehf.**

# Áritun skoðunarmanna

---

Til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga, höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2016 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 20. febrúar 2017

Jóna Dís Halpörsdóttir  
Steinþór Þórnæsson



# Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	Ársreikningur 2016	Fjárhagsáætlun 2016	Ársreikningur 2015
<b>Rekstrartekjur:</b>				
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.....		398.532.866	388.354.000	376.875.500
Seldar vörur og þjónusta.....		100.710.029	102.665.000	104.662.398
Aðrar tekjur.....		19.001.582	12.550.000	19.326.062
	11	<u>518.244.477</u>	<u>503.569.000</u>	<u>500.863.960</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>				
Laun og launatengd gjöld.....	12	378.629.486	350.300.000	366.252.237
Annar rekstrarkostnaður.....	13	129.786.939	149.978.000	142.071.130
Afskriftir.....	15	2.176.493	2.176.000	2.176.493
		<u>510.592.918</u>	<u>502.454.000</u>	<u>510.499.860</u>
Rekstrarafkoma ársins.....		<u>7.651.559</u>	<u>1.115.000</u>	<u>( 9.635.900 )</u>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>				
Vaxtatekjur.....		832.248	600.000	874.787
Vaxtagjöld.....		( 64.903 )	( 31.000 )	( 30.775 )
Hækkun, (lækkun) sjóða í fjárvörslu.....	16	369.401	0	( 118.156 )
		<u>1.136.746</u>	<u>569.000</u>	<u>725.856</u>
Afkoma ársins.....	18, 22	<u>8.788.305</u>	<u>1.684.000</u>	<u>( 8.910.044 )</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2016

### Eignir

	Skýr.	2016	2015
<b>Fastafjármunir:</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
65% fasteignarinnar að Borgartúni 30, 5. hæð, Rvk.....	6, 15	83.223.862	85.400.355
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í félögum .....	7	120.711	120.711
Fjárvörslureikningur .....	8, 16	0	543.794
		120.711	664.505
	Fastafjármunir samtals	83.344.573	86.064.860
<b>Veltufjármunir:</b>			
Óinnheimtar tekjur.....	17	14.966.275	28.779.350
Ýmsar skammtímaskröfur.....	17	47.173.701	41.212.447
Handbætt fé.....	9	63.348.318	43.707.084
	Veltufjármunir samtals	125.488.294	113.698.881
	<b>Eignir samtals</b>	<b>208.832.867</b>	<b>199.763.741</b>

### Eigið fé og skuldir

#### Eigið fé:

Eiginfjárreikningur .....	18	148.223.349	139.435.044
---------------------------	----	-------------	-------------

#### Skammtímaskuldir:

Víðskiptaskuldir.....		5.986.612	10.788.042
Aðrar skammtímaskuldir.....		54.622.906	49.540.655
		60.609.518	60.328.697
	Skuldir samtals	60.609.518	60.328.697

	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>208.832.867</b>	<b>199.763.741</b>
--	------------------------------------	--------------------	--------------------

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2016

	Skýr.	Ársreikningur 2016	Fjárhagsáætlun 2016	Ársreikningur 2015
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>				
Afkoma ársins samkvæmt rekstrarreikningi.....	18	8.788.305	1.684.000	( 8.910.044 )
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir.....	15	2.176.493	2.176.000	2.176.493
(Hækkun), lækkun sjóða í fjárvörslu.....	16	( 369.401 )	0	118.156
Veltufé frá (til) frá rekstri		<u>10.595.397</u>	<u>3.860.000</u>	<u>( 6.615.395 )</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímakröfur lækkun, (hækkun).....		7.851.821	( 7.591.653 )	( 20.740.340 )
Skammtímaskuldir hækkun.....		280.821	92.023	29.505.717
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>8.132.642</u>	<u>( 7.499.630 )</u>	<u>8.765.377</u>
Handbært fé frá, (til) rekstrar		<u>18.728.039</u>	<u>( 3.639.630 )</u>	<u>2.149.982</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>				
Innleyst sjóðsbref.....	16	913.195	0	0
Framlag til Bakhjarls sambandsins.....	2	0	0	( 18.000.000 )
		<u>913.195</u>	<u>0</u>	<u>( 18.000.000 )</u>
Hækkun, (lækkun) á handbæru fé.....		19.641.234	( 3.639.630 )	( 15.850.018 )
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>43.707.084</u>	<u>43.707.084</u>	<u>59.557.102</u>
Handbært fé í árslok.....		<u>63.348.318</u>	<u>40.067.454</u>	<u>43.707.084</u>



## Skýringar

### Reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskilanna

- 1 Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- 2 Á árinu 2009 var stofnaður sérstaktur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, til að annast vörslu og ávöxtun þeirra fjármuna sem komu í hlut sambandsins við uppgjör Bjargráðasjóðs á því ári. Markmiðið er að raunvextir fjármuna Bakhjarls, og eftir atvikum höfuðstóll hans, verði á hverjum tíma nýttir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sambandsins og fyrrverandi starfsmanna Bjargráðasjóðs. Einnig er Bakhjarli ætlað að standa á bak við rekstur sambandsins, eins og nafn hans gefur til kynna. Ekki kom til þess að veitt yrði rekstrarframlag úr Bakhjarli til sambandsins á árinu 2016, en lífeyrisskuldbindingar sambandsins eru færðar í bókhaldi Bakhjarls. Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir tryggingarsjóðinn.
- 3 Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sameiginlegt skrifstofuhald með Lánasjóði sveitarfélaga ohf., samkvæmt sérstökum samningi sem gerður var á árinu 2004. Sambandið og Lánasjóður sveitarfélaga eiga og reka saman skrifstofuhúsnæði á 5. hæð í Borgartúni 30.

Sameiginlegur skrifstofukostnaður samstarfsstofnana á árinu kemur fram í skýringu 14 í ársreikningnum. Til gjalda í rekstri er færð hlutdeild sambandsins í rekstri húsnæðis, en hlutdeild samstarfsstofnana í öðrum rekstrarkostnaði er færð meðal tekna.

#### Innlausn tekna

- 4 Megintekjustofn sambandsins er framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og er það fært til tekna mánaðarlega miðað við útborgun sjóðsins. Framlagið byggist á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum og nemur 1,59% af almennu framlagi ríkissjóðs til jöfnunarsjóðsins og 1,59% af hlutdeild jöfnunarsjóðs í útsvarstekjum sveitarfélaga.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

#### Færsla gjalda

- 5 Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljenda hefur myndast.

#### Varanlegir rekstrarfjármunir

- 6 Eignarhlutur í fasteign er færður til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími er þannig:

Fasteign ..... 50 ár

Kostnaður vegna endurnýjunar á skrifstofubúnaði er gjaldfærður í rekstrarreikningi.

#### Eignarhlutir í félögum

- 7 Sambandið á eignarhlut í Endurvinnslunni hf. og er hann færður til eignar í efnahagsreikningi á framreiknuðu kostnaðarverði 89.461 kr. til ársloka 2001. Á árinu 2010 var lagt fram hlutafé í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. að fjárhæð 31.250 kr. og er það fært til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði.

#### Fjárvörslureikningur

- 8 Fjárvörslureikningur í fjármálastofnun er færður til eignar í efnahagsreikningi samkvæmt markaðsvirði í árslok. Eign sambandsins í fjárvörslu var að fullu innleyst á árinu.

#### Handbært fé

- 9 Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

#### Fjárhagsáætlun

- 10 Fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2016 er hluti ársreikningsins og er hún birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisfirliti og skýringum.

# Skýringar frh.

## Rekstrartekjur

11 Rekstrartekjur greinast þannig:

	Ársreikningur 2016	Fjárhagsáætlun 2016	Ársreikningur 2015
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	398.532.866	388.354.000	376.875.500
Seldar vörur og þjónusta:			
Sveitarfélög	57.030.326	58.225.000	50.547.245
Ráðstefnu- og námskeiðsgjöld	12.797.239	14.278.000	25.335.750
Bækur, o.fl.	1.739.896	1.883.000	1.810.772
Samstarfsstofnanir	29.142.568	28.279.000	26.968.631
	100.710.029	102.665.000	104.662.398
Aðrar tekjur:			
Ráðuneyti og ríkisstofnanir	7.700.000	1.550.000	1.550.000
Önnur framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	11.301.582	11.000.000	17.776.062
	19.001.582	12.550.000	19.326.062
Rekstrartekjur samtals	518.244.477	503.569.000	500.863.960

## Starfsmannamál

12 Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Ársreikningur 2016	Fjárhagsáætlun 2016	Ársreikningur 2015
Laun	307.667.883	283.138.000	272.302.601
Launatengd gjöld	70.607.479	67.162.000	64.053.916
Áfallið orlof, breyting	354.124	0	29.895.750
	378.629.486	350.300.000	366.252.267
Ársverk starfsmanna	25,2	25,5	25,5

## Annar rekstrarkostnaður

13 Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	Ársreikningur 2016	Fjárhagsáætlun 2016	Ársreikningur 2015
Vörukaup	28.765.476	30.087.000	31.490.998
Þjónustukaup	95.931.899	116.703.000	107.759.468
Skattar og opinber gjöld	2.856.688	2.356.000	2.323.662
Styrkir og framlög	2.232.876	831.000	497.002
Annar rekstrarkostnaður samtals	129.786.939	149.977.000	142.071.130

## Sameiginlegur kostnaður samstarfsstofnana

14 Sameiginlegur kostnaður sambandsins og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., sbr. skýringu 3, nam 144,1 m.kr. á árinu 2016 og skiptist hann þannig:

	Sambandið	Lánasjóður	Samtals
Rekstur húsnæðis.....	11.708.131	6.304.379	18.012.510
Annar sameiginlegur kostnaður .....	108.190.100	17.867.328	126.057.428
Samtals.....	119.898.231	24.171.707	144.069.938
Hlutfall.....	83,2%	16,8%	100%

## Skýringar frh.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

15 Bókfært verð 65% eignarhluta sambandsins í 5. hæð fasteignarinnar að Borgartúni 30 greinist þannig:

Stofnverð 1.1. 2016.....	108.824.660
Afskrifað áður.....	( 23.424.305 )
Bókfært verð 1.1. 2016.....	85.400.355
Afskrifað á árinu.....	( 2.176.493 )
Bókfært verð 31.12. 2016.....	83.223.862
Stofnverð 31.12. 2016.....	108.824.660
Afskrifað samtals 31.12. 2016.....	( 25.600.798 )
Bókfært verð 31.12. 2016.....	83.223.862
Afskriftarhlutfall.....	2%

Fasteignamat eignarhlutans nemur 161,6 m.kr. í árslok 2016.

Brunabótamat eignarhlutans nemur 159,4 m.kr. á sama tíma.

### Áhættufjármunir og langtímakröfur

16 Fjárvörslureikningur hjá Íslenskum verðbréfum hf. greinist þannig:

Eign 1.1.2016.....	543.794
Innleyst sjóðsbréf.....	( 913.195 )
Hækkun sjóða í fjárvörslu.....	369.401
Eign 31.12.2016.....	0

### Skammtímakröfur

17 Óinnheimtar tekjur og ýmsar skammtímakröfur samkvæmt efnahagsreikningi námu 62,1 m.kr. í árslok 2016. Kröfurnar eru nær eingöngu á opinbera aðila og er því ekki gerð óbein niðurfærsla á kröfunum í árslok.

### Eigið fé

18 Eigið fé greinist þannig:

Eigið fé 1.1. 2016.....	139.435.044
Afkoma ársins.....	8.788.305
Eigið fé 31.12. 2016.....	148.223.349

### Lykiltölur

19 Helstu lykiltölur:	2016	2015
Veltufjárhlutfall - Veltufjármunir/skammtímaskuldum	2,07	1,88
Eiginfjárhlutfall - Eigið fé/heildarfjármagni	71,0%	69,8%



## Skýringar frh.

### Kjarasvið - kjaramál

- 20 Á XXIV. landsþingi Sambands Íslenskra sveitarfélaga sem haldið var á Akureyri í september 2010 var samþykkt að leggja Launanefnd sveitarfélaga niður og fela sambandinu að sinna því hlutverki í kjaramálum sem launanefndin hafði haft frá árinu 1982 þegar hún var stofnuð. Kjarasvið sambandsins hefur yfirumsjón með kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga gagnvart viðsemjendum sveitarfélaganna, en stjórn sambandsins setur markmið og mótar stefnu sambandsins í kjaramálum. Sviðsstjóri kjarasviðs og framkvæmdastjóri sambandsins bera síðan ábyrgð á að markmiðum og stefnu sambandsins í kjarasamningagerð sé fylgt. Jafnframt hefur stjórn sambandsins skipað 5 manna kjaramálanefnd til ráðgjafar fyrir sig og starfsmenn kjarasviðs.

Sveitarfélögin endurgreiða sambandinu hluta af kostnaði við kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga.

	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
<b>Starfsmat:</b>			
Laun.....	4.028.130	4.781.000	3.916.848
Launatengd gjöld.....	954.643	1.151.000	928.441
Vörukaup.....	0	0	135.636
Þjónustukaup.....	16.147.551	16.393.000	14.666.319
Samtals kostnaður.....	21.130.324	22.325.000	19.647.244
Endurgreiðslur sveitarfélaga.....	( 21.130.324 )	( 22.325.000 )	( 19.647.244 )
Samtals.....	0	0	0
<b>Kostnaðarhlutdeild:</b>			
Hlutdeild í sérkostnaði kjarasviðs.....	30.000.000	30.000.000	25.000.000
Endurgreiðslur sveitarfélaga.....	( 30.000.000 )	( 30.000.000 )	( 25.000.000 )
Samtals.....	0	0	0

- 21 Viðskiptareikningur sveitarfélaga hjá sambandinu vegna kjaramála greinist þannig:

	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
Staða í ársbyrjun.....	33.843.057	31.301.327	31.301.327
Starfsmat, sbr. skýringu 20.....	21.130.324	22.325.000	19.647.244
Kostnaðarhlutdeild, sbr. skýringu 20.....	30.000.000	30.000.000	25.000.000
Reikningsfært á sveitarfélög á árinu.....	( 43.996.455 )	( 41.630.000 )	( 42.105.514 )
Staða í árslok.....	40.976.926	41.996.327	33.843.057

## Skýringar frh.

### Sundurliðun rekstrarreiknings

22 Rekstrartekjur og rekstrargjöld sundurliðast þannig eftir viðfangsefnum í þús.kr.:

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
<b>Sameiginlegar tekjur</b>				
Framlag jöfnunarsjóðs.....	0	398.533	( 398.533 )	( 388.354 )
Samtals	0	398.533	( 398.533 )	( 388.354 )
<b>Yfirstjórn</b>				
Landsþing.....	1.992	0	1.992	1.776
Sambandsstjórn.....	28.130	0	28.130	27.869
Síðanefnd.....	568	0	568	277
Endurskoðun og reikningsskil.....	1.690	0	1.690	1.392
Aðrar nefndir og sérverkefni.....	7.975	0	7.975	15.347
Innlent samstarf.....	1.476	0	1.476	1.323
Norrænt samstarf.....	543	0	543	790
Fulltrúaráð CEMR.....	2.214	0	2.214	3.857
Sveitastjórnarvettvangur EFTA.....	1.652	558	1.094	1.100
Annað erlent samstarf.....	341	0	341	507
Samtals	46.581	558	46.023	54.238
<b>Rekstrar- og útgáfusvið</b>				
Sérkostnaður sviðsins.....	132.076	23.885	108.191	96.100
Samtals	132.076	23.885	108.191	96.100
<b>Hag- og upplýsingasvið</b>				
Sérkostnaður sviðsins.....	46.576	920	45.656	52.873
Upplýsingaveita sveitarfélaga.....	1.525	0	1.525	2.203
Skólavogin.....	0	0	0	25
Samtals	48.101	920	47.181	55.101
<b>Kjarasvið</b>				
Sérkostnaður sviðsins.....	92.728	30.000	62.728	51.470
Starfsmat.....	21.130	21.130	0	0
Kjaramálanefnd.....	466	0	466	546
Samtals	114.324	51.130	63.194	52.016
<b>Próunar- og alþjóðasvið</b>				
Sérkostnaður sviðsins.....	19.651	0	19.651	18.619
Brussel-skrifstofa.....	10.596	11.302	( 706 )	( 558 )
Samtals	30.247	11.302	18.945	18.061

# Skýringar frh.

22 framhald

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
<b>Lögfræði og velferðarsvið</b>				
Sérkostnaður sviðsins.....	92.764	8.938	83.826	80.805
Samstarfsverkefni í úrgangsmálum.....	14.029	9.000	5.029	6.858
Félagsþjónustunefnd.....	807	0	807	953
Skipulagsmálanefnd.....	596	0	596	1.043
Skólamálanefnd.....	1.530	0	1.530	1.765
Samtals	109.726	17.938	91.788	91.424
<b>Ráðstefnur og námskeið</b>				
Ráðstefnur.....	9.893	12.179	( 2.286 )	0
Námskeið.....	0	60	( 60 )	0
Samtals	9.893	12.239	( 2.346 )	0
<b>Útgáfu- og kynningarmál</b>				
Tímaritið Sveitarstjórnarmál.....	3.243	0	3.243	3.398
Árbók sveitarfélaga.....	1.017	1.690	( 673 )	( 362 )
Rit til endursölu.....	0	50	( 50 )	109
Upplýsingavefur sambandsins.....	554	0	554	1.954
Önnur fræðslu- og kynningarrit.....	313	0	313	310
Samtals	5.127	1.740	3.387	5.409
<b>Hlutdeild í rekstri húsnæðis</b>				
Borgartún 30.....	18.013	0	18.013	19.155
Hlutdeild samstarfsstofnana.....	( 6.304 )	0	( 6.304 )	( 6.704 )
Samtals	11.709	0	11.709	12.451
<b>Sameiginlegur kostnaður</b>				
Áunnið orlof breyting.....	354	0	354	0
Afskriftir.....	2.176	0	2.176	2.176
Staðgr. fjármagnstekjuskattur.....	165	0	165	120
Þjónustugjöld banka.....	114	0	114	143
Samtals	2.809	0	2.809	2.439
<b>Alls rekstur</b>	<b>510.593</b>	<b>518.245</b>	<b>7.652</b>	<b>( 1.115 )</b>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>				
Vaxta- og verðbótat. af veltufjm.....	0	827	( 827 )	( 600 )
Vaxta- og verðbótagj. af skammtsk.....	65	0	65	31
Arður af hlutabréfum.....	0	5	( 5 )	0
Breytingar á fjárvörslureikningum.....	0	369	( 369 )	0
Samtals	65	1.201	( 1.136 )	( 569 )
<b>Alls</b>	<b>510.658</b>	<b>519.446</b>	<b>( 8.788 )</b>	<b>( 1.684 )</b>



